

Ytra mat grunnskóla

Fellaskóli

Apríl 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Múlaþing.

Höfundar: Svanhildur María Ólafsdóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
©Menntamálastofnun, 2021
ISBN 978-9979-0-2472-9

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Fellaskóla.....	8
Niðurstöður	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	10
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stórnenda og starfsmanna	12
Þáttur 2 – Nám og kennsla	14
2.1 Inntak og námskrá	14
2.2. Árangur náms – hér kemur kaflinn um samræmd og lesferil.....	15
2.3 Gæði kennslu	17
2.4 Skipulag náms.....	19
2.5 Námsvitund	20
2.6 Ábyrgð og þátttaka	21
Þáttur 3 – Innra mat	23
3.1 Skipulag.....	23
3.2 Framkvæmd.....	23
3.3 Umbætur	23

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Fellaskóla í sveitarfélaginu Múlaþingi sem fór fram á vorönn 2021. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og fjölskylduráð Múlaþings að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stefna skólans og einkunnarorð eru sýnileg í starfsháttum skólans.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu.
- Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu og lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum.
- Foreldrum er markvisst kynnt sýn og stefna skólans.
- Stjórnendur hafa metnað fyrir góðu skólastarfi og skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Ígrundun og fagleg samræða um starfshætti fer fram reglulega.
- Litið er á starfsmannhópinn sem liðsheild.
- Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.
- Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans og líðan nemenda.
- Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta.
- Daglegt starf er vel skipulagt og fylgst er með að aðbúnaður í skóla sé öruggur.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Almenn ánægja starfsfólks er með starfsþróunarsamtöl.
- Starfsfólk er hvatt til að huga að heilsu sinni.
- Starfsfólks nýtur trausts og á möguleika á að leiða og bera ábyrgð á verkefnum.

Tækifæri til umbóta.

- Ljúka við endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar út frá stefnu skólans og viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla.
- Skilgreina hvaða þættir eiga að vera í starfsáætlun og hvað þættir í skólanámskrá.
- Ljúka við tilskildar áætlanir samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Útbúa skipurit fyrir stjórnskipulag skólans.
- Gera starfsþróunar-/og símenntunaráætlun fyrir skólann.
- Skólaráð setji sér starfáætlun, birti fundargerðir og haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið.
- Skrá ferli og verklag um hvernig niðurstöður skimana, kannana og prófa eru nýttar til framfara.
- Skrá verklag um hvernig upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra, nemenda og annara hagsmunaaðila.
- Skrá formlega ábyrgðaraðila og framgang þróunarvinnu og birta á heimasíðu.
- Tryggja að á heimasíðu skólans séu réttar og uppfærðar upplýsingar.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.

- Skrá upplýsingar um réttindi og skyldur starfsfólks í starfsáætlun.
- Setja fram heilsustefnu fyrir starfsmenn skólans og framfylgja henni.
- Huga að faglegri handleiðslu fyrir starfsfólk.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Styrkleikar

- Einkunnarorð og gildi skólans eru skýr, samofin daglegu skólastarfi og aðilum í skólasamfélaginu töm.
- Þróunarvinna og breytingar á kennsluháttum eru sýnilegar á vettvangi og hafa mótað ákveðinn grunn að áframhaldandi þróun skólastarfsins.
- Stuðningur og námsaðlögun eru fjölbreytt og taka til allra þátta í skólastarfinu.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar og taka mið af þörfum viðkomandi nemenda.
- Fylgst er með árangri og þörfum nemenda og nemendahópa til að efla framfarir nemenda.
- Samskipti í skólanum eru góð og nemendum líður vel samkvæmt niðurstöðum kannana og í rýnihópi nemenda.
- Foreldrar eru ánægðir með nám, kennslu, líðan nemenda og samskipti í skólanum.
- Kennarar sýna fagmennsku og kennslufræðilega hæfni við nám og kennslu.
- Fjölbreyttir kennsluhættir, samþætting námsgreina og viðfangsefni eru sýnileg á vettvangi.
- Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúl síns sýna að tíðni leiðsagnarmats er marktækt yfir landsmeðaltali og fer stigvaxandi.
- Kennarar vinna saman og nýta teymiskennslu/teymisvinnu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- Nemendur vinna að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Nám og námsaðstæður styðja við sköpunarþörf nemenda.
- Nemendur eru áhugasamir og virkir í námi sínu.
- Unnið er með fjölbreyttar náms- og matsaðferðir.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Tækifæri til umbóta

- Móta, skrá og birta á heimasíðu námskrár námshópa og námsgreina þar sem fram koma markmið, lykilhæfni, leiðir, viðfangsefni, hæfniviðmið, námsmat og námsaðlögun.
- Samræma þá þætti sem fram eiga að koma í náms- og kennsluáætlunum námshópa og námsgreina út frá hópanámskrám skólans.
- Móta, skrá og birta á heimasíðu stefnu um sérkennslu, stuðning og námsaðlögun þar sem fram koma markmið, leiðir og framkvæmd.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum sem tengjast námsgreinum og námshópum í skólanámskrá, námskrám og kennsluáætlunum.
- Rýna niðurstöður samræmdra prófa og Lesferils og leggja fram stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda.
- Vinna að því að efla áhuga nemenda á stærðfræði.
- Vinna markvisst með lykilhæfni, hæfniviðmið og markmið í námi og kennslu jafnframt því að þjálfa nemendur í að meta eigin framfarir í námi.
- Huga þarf að tölvubúnaði, aðstöðu og aðgangi að neti til að upplýsingatæknin verði eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis.

- Gefa nemendum í stigvaxandi mæli tækifæri til að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námstíl.
- Vinna markvisst að því að efla námsvitund nemenda.
- Þjálfa nemendur til að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans.
- Skrá og birta formlegt verklag um hvernig fulltrúar nemenda koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.

Þáttur 3 – Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat og umbætur eru álitin mikilvæg.
- Mat og ígrundum á námi og árangri nemenda fer fram reglulega á óformlegan hátt.
- Við öflun gagna nýtir skólinn niðurstöður kannana í Skólapúlsi, samræmdra prófa og leskimana Menntamálastofnunar.

Tækfæri til umbóta.

- Meta markvisst stefnu skólans og starfshætti með skilgreindum viðmiðum um árangur.
- Vinna að formlegri innramatsskýrslu og birta á heimasíðu.
- Vinna langtímaáætlun um innra mat.
- Byggja upp fjölbreyttar gagnaöflunaraðferðir og matstæki.
- Nýta og skrá markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annars starfsfólks, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram koma markmið, verkefni, tímasetningar, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinagerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Fellaskóla

Fellaskóli er einn af sex grunnskólum í sveitarfélaginu Múlþingi sem varð til síðla árs 2020 við sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Skólinn stendur ofarlega í Fellabæ sem er á vestari bakka Lagarfljóts en handan fljótsins eru Egilsstaðir. Fyrstu heimildir um farkennslu í Fellum eru frá árinu 1989. Fellaskóli var fyrst starfræktur árið 1987 sem sjálfstæð stofnun en árið áður hafði hann verið starfræktur sem skólasel frá Egilsstaðaskóla. Árið 2001 var skólinn stækkaður allmikið, og viðbygging tekin í notkun, sem rúmar nokkrar skólastofur, skrifstofur og kennarastofu. Árið 2004 sameinuðust þrjú eldri sveitarfélög Fellahreppur, Austur-Hérað og Norður-Hérað og þá varð Fellaskóli einn af þremur grunnskólum á Fljótsdalshéraði til haustsins 2020. Stór hluti nemenda kemur úr nærliggjandi sveitum frá Fellum, Skriðdal, Völlum og Eiðum en þorri nemenda kemur úr Fellabæ. Í skólanum er frístundaheimili fyrir nemendur í 1.-4. bekk.

Úttekt var gerð á Fellaskóla vorið 2011 fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/utt_fellask_fellab_2011.pdf

Umfjöllun um niðurstöður þeirrar úttektar er að finna í skýrslunni ef þörf krefur.

Einkunnarorð skólans felast í setningunni: **Mennt er máttur ... ef þú ert sáttur!** og má þar finna kjarnann í skólastefnu Fellaskóla. Skólinn er samkennsluskóli. Tónlistarskóli er staðsettur í Fellaskóla og er náið samstarf á milli grunn- og tónlistarskóla. Skólaárið 2020-2021 koma fjórir nemendur ásamt kennara, einn dag í viku frá Borgarfirði eystra í Fellaskóla.

Í skólanum eru 94 nemendur. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	8	12	5	11	6	13	3	13	15	6
Samkennsluhópar	1.-4. Bekkur				5.-7. Bekkur			8.-10. Bekkur		

Nemendur af erlendum uppruna eru 15 og nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru níu. Nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum eru 24, þar af þrír nemendur með einstaklingsnámskrá.

Fjöldi starfsfólks við skólann er 30 í mismunandi starfshlutföllum. Stjórnendur eru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, sem eru báðir á sínu öðru starfsári, og deildarstjóri sérkennslu. Kennarar eru 15, tveir sérkennarar, fjórir leiðbeinendur, annað starfsfólk eru 12 þar af er einn þroskaþjálfari, ritari í 60% starfi, fjórir stuðningsfulltrúar í mismunandi starfshlutföllum, þrír skólaliðar í mismunandi starfshlutföllum og starfsfólk í mötuneyti. Fjórir skólabílstjórar starfa fyrir skólann.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	1	1	1	1	1	1

Upplýsingar vegna Covid-19

Skóla var lokað í þrjá daga vegna Covid-19 skólaárið 2020-2021.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfs-manna-stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	--	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í Aðalnámskrá grunnskóla. Skólanámskrá skólans er opinber og er birt á heimasíðu skólans en nokkuð vantar upp á að í henni séu allar þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, svo sem upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum, áætlanir um umbætur og þróunarstarf, samstarf við framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun og tengsl skóla við grenndarsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska. Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans en nokkuð vantar upp á að hún innihaldi þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir að í henni séu, svo sem skipurit yfir stjórnskipulag skólans, upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf nemenda og starfsþróunar-/símenntunaráætlun. Bekkjarnámskrár frá 2018-2019 eru birtar á heimasíðu.

Fellaskóli hefur mótað sér einkunnarorð og koma þau fram í stefnu Fellaskóla sem samþykkt var haustið 2012. Þau eru *Mennt er máttur, ef þú ert sáttur*. Fellaskóli hefur gert eftirfarandi ljóðlínur Stephans G. Stephanssonar að sínum, þar sem viðhorf til menntunar kemur skýrt fram.

Þitt er menntað afl og önd,
eigirðu fram að bjóða.
Hvassan skilning, haga hönd
hjartað sanna og góða.

Í rýnihópi kennara kom fram að einkunnarorðum skólans ásamt því að efla bókvit, verkvit og siðvit sé haldið á lofti við skólaslit og skólasetningar og í umræðu um skólann. Sjá má einkunnarorð og ljóðlínur Stephans G. Stephanssonar á veggjum skólans.

Fram kom í viðtali við skólastjóra að hann sé að endurskoða stefnu skólans og beri ýmsa hluti hvað hana varðar upp á fundum starfsfólks. Skólastefna Fellaskóla þarfnist endurskoðunar þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila skólans koma að mótun og endurskoðun með það að markmiði að efla starf skólans enn frekar.

Móttökuáætlanir fyrir með annað nemenda en íslensku og nýja nemendur er að finna í skólanámskrá, en ekki eru tiltækar móttökuáætlanir fyrir nýja starfsmenn. Jafnrættisáætlun er birt í skólanámskrá, áætlunin er vel fram sett og nær til nemenda og starfsmanna. Skólinn birtir á heimasíðu upplýsingar frá Heimili og skóla um árangursríkar forvarnir en hefur ekki mótað eiginlega forvarnarstefnu fyrir Fellaskóla. Á heimasíðu skólans má finna upplýsingar um forvarnarverkefni gegn skólaforðun ásamt starfsmannastefnu Fellaskóla er snýr að einelti, kynferðislegu/kynbundnu áreiti og ofbeldi.

Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu. Í daglegu tali og fréttáflutningi frá skóla leggur skólastjóri áherslu á það jákvæða í skólastarfinu, eins og fram kom hjá þátttakendum í öllum rýnihópum.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur hafa metnað fyrir góðu skólastarfi og skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsfólks bæði innan og utan skóla. Einnig hafa þeir forystu um að starfsfólk kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf. Fram kom í viðtölum við kennara og starfsfólk að reglulega fer fram ígrundun og gagnrýnin samræða innan skólans um starfshætti með það að markmiði að auka gæði náms og kennslu.

Starfsþróunar-/símennuntunaráætlun sem byggir á stefnu skólans er ekki að finna í starfsáætlun. Skólastjóri sagðist í viðtali fylgjast með starfsþróun kennara og starfsfólks með því að kalla inn skráningar þeirra á eigin starfsþróun/símennun í starfsmannasamtölum.

Í viðtölum við starfsfólks skólans kom fram að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og að mati starfsfólks er skólastjóri virkur í að deila upplýsingum og tækifærum til starfsþróunar.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur leggja sig fram um að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Það er gert með reglulegum fréttabréfum frá umsjónarkennurum, formlegum fundum að hausti og vori, morgunverðarfundum, skólaviðburðum og fleiru. Að sögn skólastjóra kynna umsjónarkennarar foreldrum¹ að hausti ábyrgð þeirra á jákvæðum skólabrag.

Samskipti við foreldra beinast að því að efla nám og vellíðan barna í skólanum. Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í þróun og skipulagi skólastarfs, en að sögn skólastjóra þarf að virkja foreldra enn betur en gert er nú. Skólastjóri fær aðallega upplýsingar um sýn foreldra til að efla skólastarfið í gegnum skólaráð og foreldrakannanir Skólupúlssins².

Í febrúar 2021 var foreldrakönnun lögð fyrir í Skólupúlssinum, svarhlutfall var tæplega 86%. Í þeirri könnun kom fram að ánægja foreldra með stjórnun skólans er tæplega 96% sem er marktækt yfir landsmeðaltali þeirra skóla er taka þátt. Þá telja um 96% svarenda að nemendum líði vel í skólanum sem einnig er marktækt yfir meðaltali þátttökuskóla. Þá vekur það athygli í könnuninni að frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi að mati foreldra er umtalsvert yfir meðaltali þátttökuskólana. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum mælist hins vegar undir meðaltali.

Foreldrar eiga aðkomu að skólastarfi í gegnum foreldrafulltrúa í skólaráði og foreldrafélagi. Foreldrafélag er starfrækt við skólann og tilgangur þess er að vera samráðs- og samstarfsveitvangur við skólann. Upplýsingar um foreldrafélagið má finna á heimasíðu skólans. Einnig koma þar fram upplýsingar um hverjir eru tengiforeldrar hvers bekks ásamt hlutverki þeirra og verkefnum.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess hvað varðar ákvarðanir er snúa að skólastarfinu. Skólaráðið hefur sett sér drög að starfsáætlun, það fundar að öllu jöfnu fjórum sinnum á ári en fundargerðir ráðsins eru ekki birtar á heimasíðu skólans eins og reglugerð kveður á um. Venjan er, að sögn skólastjóra, að fulltrúar nemenda í skólaráði komi úr stjórn nemendafélags en ekki er að finna skráðar reglur um val nemenda í skólaráð. Skólaráðið hefur ekki haldið opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um.

Samskipti eru við leikskólastig, tónlistarskóla, frístundastarf, stofnanir í sveitarfélaginu og grenndarsamfélag að sögn skólastjóra og annarra viðmælenda. Skráðar eru upplýsingar í stuttu máli

¹ Í þessari skýrslu er hér eftir talað um forsjáraðila sem foreldra.

² Skólupúlssinn er valfrjálst vefkerfi sem leggur fyrir staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

um samstarf skólans við leikskólann í skólanámskrá en ekki eru upplýsingar í formi samstarfssamninga við aðrar stofnanir, svo sem framhaldsskóla.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og er samofið daglegu starfi stjórnenda. Niðurstöður kannana og skimana eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs að sögn skólastjóra en ekki er til skráð ferli eða verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins. Þeir sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna þær og eiga samræður um þróun og umbætur til að efla árangur nemenda.

Starfsþróun skólans er samstarfsverkefni stjórnenda og starfsfólks. Stjórnendur stýra innleiðingu á þróunar- og umbótaverkefnum og sjá til þess að starfsfólk fái stuðning og ráðgjöf við þróunarvinnu eftir þörfum. Framgangur þróunarvinnu er ræddur á fundum en hann er ekki skráður reglulega og uppfærður þannig að auðvelt sé að fylgjast með framgangi þeirra þróunarverkefna sem skólinn tekur þátt í. Þar sem ekki hefur verið gerð þróunaráætlun/símenntunaráætlun fyrir skólann er ekki hægt að sjá, að gætt sé að og gert ráð fyrir starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Heimasíðan er virk og inniheldur að hluta til helstu upplýsingar um skólastarfið samkvæmt lögum og reglugerðum. Þar vantar þó ýmsar upplýsingar um starfið sem þurfa að vera aðgengilegar.

Fram kom í rýnihópi kennara og starfsfólks að ef ágreiningur komi upp sé hann leystur fljótt og vel. Ekki liggur fyrir skráð verklag um lausn ágreiningsmála.

Skólareglur Fellaskóla eru til staðar og skiptast í kafla um almennar reglur, umgengni, námsgögn, mætingar og snjalltækjanotkun. Viðurlög við brotum eru skráð. Í rýnihópum kom fram að verið sé að endurskoða reglurnar og í hópi nemenda kom fram að reglurnar séu ræddar við nemendur og þeir geti komið með ábendingar og álit.

Fylgst er með því að aðbúnaður skóla sé öruggur eins og lög kveða á um og er það á ábyrgð skólastjóra auk öryggistrúnaðarmanns, vinnueftirlits, heilbrigðiseftirlits og brunavarna. Nemendum eru kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi.

Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Starfsmenn og verktakar sem koma að skólastarfinu með einhverjum hætti eru kynnt lög um persónuvernd og trúnað en ekki hafa allir verið látnir undirrita skjal um trúnað í starfi og þagnarskyldu. Við ráðningu nýs starfsfólks er þess gætt að farið sé eftir lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Skólastjóri tryggir að sjónarmið nemenda nái fram að ganga og að á þá sé hlustað í nefndum og ráðum. Í starfsáætlun skólans má sjá að nemendur eiga aðkomu í nefndir og ráð, svo sem skólaráð og nemendafélag. Þar má einnig sjá hverjir eru fulltrúar nemenda fyrir hvert skólaár.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti í skólasamfélaginu og það má merkja í öllum samskiptum í skólanum. Í rýnihópum starfsfólks og foreldra kom skýrt fram að stjórnendur hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf og eru sýnilegir í skólastarfinu.

Fram kom í viðtali við skólastjóra að núverandi stjórnendur Fellaskóla eru að þróa með sér verkaskiptingu út frá sérþekkingu þeirra og reynslu. Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega verður við komið. Nýir starfsmenn og nýútskrifaðir kennarar fá sérstakan stuðning og tengilið innan skólans. Ekki er að finna í starfsáætlun né skólanámskrá skráðar upplýsingar um réttindi og skyldur starfsfólks. Í rýnihópum starfsfólks og kennara könnuðust viðmælendur ekki við að réttindi og skyldur þeirra væru sérstaklega kynntar fyrir þeim.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári og eru skráð. Ánægja er með starfsþróunarsamtöl og kom það skýrt fram í niðurstöðum síðustu starfsmannakönnunar Skólapúlsins, einnig kom það fram í rýnihópum starfsfólks og kennara. Stjórnendur líta af og til inn í kennslustundir, en fylgjast ekki með námi og kennslu með það að markmiði að veita kennurum endurgjöf varðandi kennsluhætti og framvindu kennslustunda.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjórnendur leitast við að styrkja eigin þekkingu sem eflir hann í starfi sem faglegan leiðtoga og hvetur annað starfsfólk til starfsþróunar til að efla starf skólans. Mannauður skólans er vel nýttur og skólastjóri felur starfsfólki ábyrgð á að leiða ákveðin verkefni er snúa að skólastarfinu. Í rýnihópum starfsfólks og kennara kom fram að þeim finnst þeir njóta trausts í daglegu starfi og eigi möguleika á að bera ábyrgð.

Fram kom í rýnihópi kennara að ábyrgðaraðilar verkefna innan skólans og framvinda verkefna eru skráð á innri vef skólans og einnig eru þau kynnt á fundum. Framvinda þróunarverkefna og ábyrgðaraðilar eru hins vegar ekki skráð á heimasíðu skólans.

Starfsfólk er hvatt til að huga að heilsu sinni og þeim er veitt svigrúm til þess. Sveitarfélagið greiðir íþróttastyrk til starfsfólks og stuðlar þannig að heilsuefningu. Fram kom í viðtölum að ekki hefur verið um faglega handleiðslu að ræða fyrir stjórnendur og starfsfólk.

Styrkleikar

- Stefna skólans og einkunnarorð eru sýnileg í starfsháttum skólans.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu.
- Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu og lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum.
- Foreldrum er markvisst kynnt sýn og stefna skólans.
- Stjórnendur hafa metnað fyrir góðu skólastarfi og skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Ígrundun og fagleg samræða um starfshætti fer fram reglulega.
- Litið er á starfsmannhópinn sem liðsheild.
- Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.
- Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans og líðan nemenda.
- Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta.
- Daglegt starf er vel skipulagt og fylgst er með að aðbúnaður í skóla sé öruggur.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Almenn ánægja starfsfólks er með starfsþróunarsamtöl.

- Starfsfólk er hvatt til að huga að heilsu sinni.
- Starfsfólks nýtur trausts og á möguleika á að leiða og bera ábyrgð á verkefnum.

Tækifæri til umbóta.

- Ljúka við endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar út frá stefnu skólans og viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla.
- Skilgreina hvaða þættir eiga að vera í starfsáætlun og hvað þættir í skólanámskrá.
- Ljúka við tilskildar áætlanir samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Útbúa skipurit fyrir stjórnskipulag skólans.
- Gera starfsþróunar-/og símenntunaráætlun fyrir skólann.
- Skólaráð setji sér starfáætlun, birti fundargerðir og haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið.
- Skrá ferli og verklag um hvernig niðurstöður skimana, kannana og prófa eru nýttar til framfara.
- Skrá verklag um hvernig upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra, nemenda og annara hagsmunaaðila.
- Skrá formlega ábyrgðaraðila og framgang þróunarvinnu og birta á heimasíðu.
- Tryggja að á heimasíðu skólans séu réttar og uppfærðar upplýsingar.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Skrá upplýsingar um réttindi og skyldur starfsfólks í starfsáætlun.
- Setja fram heilsustefnu fyrir starfsmenn skólans og framfylgja henni.
- Hugsa að faglegri handleiðslu fyrir starfsfólk.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu en eru í endurskoðun og vinnslu. Þar koma fram áherslur stjórnvalda og skóla, hvernig unnið er með grunnþætti menntunar, eflingu læsis, einkunnarorð og þau gildi sem skólinn starfar eftir. Þessar áherslur endurspeglast síðan í skipulagi og allri starfsemi skólans. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Fram kemur í öllum rýnihópum að einkunnarorð og gildi skólans eru skólasamfélaginu töm. Í úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytsins 2011 var birtingarform skólanámskrár ekki í samræmi við lög.

Á vef skólans má finna bekkjarnámskrár frá síðasta skólaári 2019-2020 eftir árgöngum. Námskrár þessa skólaárs liggja ekki fyrir. Fram kemur í skólanámskrá að skólaárið 2020-2021 er unnið að því að breyta kennsluháttum úr hefðbundinni bekkjarkennslu í nokkrum árgöngum og samkennslu í öðrum yfir í teymis- og samkennslu allra kennara og árganga. Yngsta- og miðstig er skipulagt út frá þeimum en á unglíngastigi er lotubundið skipulag þar sem allar kennslugreinar fléttast saman. Þessi þróunarvinna er sýnileg á vettvangi og fram kemur í rýnihópi kennara að þróunarvinnan byggist á byrjendalæsi, teymiskennslu, samþættingu verkefna, útinámi og sköpun. Þá kom fram hjá skólastjóra og í rýnihópi kennara vilji til að halda áfram að þróa framangreinda kennsluhætti enn frekar. Lotuvinnan og breytingar á kennsluháttum á unglíngastigi voru kynntar foreldrum á haustfundi auk þess sem foreldrar og nemendur fá kynningu senda heim á hverri lotu. Kynningar á skólastarfinu fyrir foreldra annarra námshópa fer fram að hausti.

Náms- og kennsluáætlanir og verkefni eru að hluta til skráðar inn á Teams og í Námfús og eru þar aðgengilegar nemendum og foreldrum. Náms- og kennsluáætlanir eru mismunandi útfærðar eftir kennurum og fögum. Í mörgum þeirra koma fram markmið, hæfniviðmið, leiðir, viðfangsefni, náms- og kennsluefni og námsmat en sumar þeirra eru einungis með hluta eða nokkra af framangreindum þáttum.

Fram kemur á heimasíðu skólans stutt lýsing á skipulagi sérkennslu og stuðningi. Þar kemur einnig fram að skólinn vinnur með öðrum skólum samkvæmt Austurlandslíkaninu. Stefnan er að nemendum er veitt sérkennsla með ýmsum hætti svo sem einstaklingslega, í litlum hópum eða inni í bekk. Á vettvangi kom fram hvernig námsaðlögun er háttað í skólanum. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu. Þá kom fram í rýnihópum kennara og skólastjóra að skipulag kennslunnar eigi að taka mið af þörfum hvers einstaklings og er það gert með teymisvinnu, samkennslu og fjölbreyttum kennsluháttum. Rökstuddar einstaklingsnámskrár eru unnar og miðast við þarfir viðkomandi nemanda. Stefna um sérkennslu og námsaðlögun þar sem fram koma markmið, leiðir og framkvæmd er ekki að finna í skólanámskrá eða starfsáætlun. Þá kemur ekki fram í námskrám eða kennsluáætlunum hvernig stuðningi og námsaðlögun er háttað í einstaka námshópum eða námsgreinum.

2.2. Árangur náms

Fylgst er með árangri og þörfum nemenda og námshópa og brugðist við með það að markmiði að efla árangur og framfarir nemenda. Skólastjóri, sérkennarar og kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður náms til að efla nám og kennslu nemenda og nemendahópa. Árangur og framfarir nemenda eru skráðar í Námfús. Stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda er ekki skráð í skólanámskrá. Umfjöllun um námsmat kemur fram í skólanámskrá og þar er einnig vísað í matskvarða fyrir nemendur í 10. bekk í aðalnámskrá grunnskóla. Matskvarðar, lykilhæfni og viðmið sem tengjast námsgreinum og annarra árganga eru ekki skráð eða skilgreind í skólanámskrá.


Samræmd könnunarpróf

Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnakvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30, rauða strikalinan í gröfunum.

Skólinn birtir ekki greiningu á niðurstöðum samræmdra prófa í skýrslum sínum. Þegar færri en tíu nemendur eru í árgangi má ekki birta árlegar niðurstöður en þá er uppsafnaður árangur árganga skólans birtur. Þannig er unnið úr samræmdum könnunarprófum í þessari skýrslu um Fellaskóla í Fellabæ.

4. bekkur


Uppsafnaður árangur 4. bekkjar í íslensku og stærðfræði fylgist nokkuð að en er allnokkuð undir landsmeðaltali og á það sérstaklega við um stærðfræði.



Mynd 1. Uppsafnaður árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

7. bekkur


Uppsafnaður árangur 7. bekkjar í íslensku hefur verið nokkuð undir landsmeðaltali en er nú við meðaltal. Uppsafnaður árangur í stærðfræði hefur verið allnokkuð undir meðaltali í stærðfræði og er enn.



Mynd 2. Uppsafnaður árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

9. bekkur

Uppsafnaður árangur 9. bekkjar í íslensku og ensku er allnokkuð undir landsmeðaltali. Árangur í stærðfræði er allmikið undir meðaltali og fer dalandi.



Mynd 3. Uppsafnaður árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Lesferill

Skólinn nýtir matstækið Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Lesfimi tveggja árganga skólans eru vel yfir landsmeðaltali, fjórir árgangar eru um landsmeðaltal og fjórir árgangar eru undir landsmeðaltali varðandi meðaltal lesinna orða. Hafa ber í huga að prófið er tekið í janúar en viðmið Menntamálastofnunar ganga út frá því að samanburður fari fram í maí. Í nemendakönnun Skólapúlsins skólaárið 2020–2021 kemur fram að ánægja nemenda af lestri er rétt yfir landsmeðaltali en þar er ekki um marktækan mun að ræða.

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. 20 matsþættir eru metnir með

nokkrum undirspurningum hver. Svör nemenda skólans eru sambærileg og svör annarra nemenda sem taka þátt á 15 af þessum 20 þáttum

Í niðurstöðum nemendakönnunar Skólapúlsins í maí 2021 kemur fram að tíðni leiðsagnarmats að álitni nemenda er marktækt yfir landsmeðaltali og fer stigvaxandi. Þá er umfang eineltis marktækt undir landsmeðaltali og tíðni eineltis mælist einnig undir landsmeðaltali. Áhugi nemenda á stærðfræði mælist marktækt undir landsmeðaltali.


Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins í mars 2021 kemur fram að foreldrar eru ánægðir með nám, kennslu, agamál og samskipti í skólanum og mælast þessi þættir fyrir ofan landsmeðaltal. Ánægja foreldra með tómstundabjónustu er marktækt yfir landsmeðaltali og hlutfall nemenda sem nýtir þá bjónustu eru einnig töluvert hærra og yfir landsmeðtali. Einnig eru foreldrar ánægðir með frumkvæði kennara að foreldrasamskiptum en sá þáttur mælist marktækt yfir landsmeðaltali. Þeir þættir sem eru marktækt undir landsmeðaltali snúa að hæfilegri heimavinnu og þeim tíma sem foreldrar hafa til að sinna nemendum við heimavinnu. Einnig kemur fram í þessum niðurstöðum að umfang eineltis meðal nemenda mælist undir landsmeðaltali að álitni foreldra en þeir telja að vinna mætti betur úr þeim eineltismálum sem upp koma.

2.3 Gæði kennslu

Störf kennara endurspeglar stefnu og markmið skólans um breytta kennsluhætti. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og nám. Viðfangsefni og kennslustundir eru í flest öllum tilvikum vel skipulagðar og námstími nemenda vel nýttur. Fjölbreyttir kennsluhættir og viðfangsefni eru sýnileg á vettvangi.

Matsaðilar sátu í 17 kennslustundum hjá flestöllum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Kennslustundirnar voru ýmist 40 eða 60 mínútur. Flestar kennslustundirnar voru metnar góðar, nokkrar frábærar og örfáar stundir þarfnast úrbóta.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjú flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.



Mynd 4. Kennsluhættir.

Fram kom á vettvangi að fræðandi kennsluhættir eru í meirihluta kennslustunda, um þriðjungur kennslustunda er blanda af fræðandi og leiðbeinandi og um 12% voru leiðbeinandi kennsluhættir. Á vettvangi voru leiðbeinandi kennsluhættir og blanda af fræðandi og leiðbeinandi kennsluháttum til staðar í öllum námshópum á yngsta stigi, miðstigi og unglingsstigi. Fram kom í rýnihópi kennara að töluverð þróun hefði átt sér stað á þessu skólaári við að breyta kennsluháttum til að gera nemendur sjálfstæðari og meðvitaðri í námi sínu.

Í meirihluta þeirra kennslustunda sem matsmenn heimsóttu var nemendum ekki gerð grein fyrir markmiðum stundarinnar né hæfniviðmiðum sem unnið var með í stundinni. Markmið kennslu og verkefna eru gerð skil í flestum kennsluáætlunum og fram kom í rýnihópi kennara að unnið sé að því að þróa þennan þátt enn frekar. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeir kannast við hugtökin markmið og hæfniviðmið aðallega í verkefnalýsingum.

Fram kemur í skólanámskrá að námsmat sé fjölbreytt og leiðbeinandi fyrir nemandann. Þar kemur fram að um sé að ræða símat, leiðsagnarmat, frammistöðumat og lokamat, sem framkvæmt er af kennurum. Einnig kemur fram að unnið sé með frammistöðumat og sjálfsmat þar sem nemendur eru að meta virkni, viðhorf og áhuga í námi sínu. Í umfjöllun um námsmatið í skólanámskrá og kennsluáætlunum er ekki skilgreint hvað felst í þeim hugtökum sem lögð eru fram. Í rýnihópi nemenda könnuðust þeir við sjálfsmat, kennaramat og að kennara láti þá vita hvernig þeir standa sig og hvernig þeir geta unnið betur. Fram kom í rýnihópi kennara að unnið sé með sjálfsmat, leiðsagnarmat og ferilmöppur. Eins og fyrr hefur komið fram þá sýna niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins að tíðni leiðsagnarmats er marktækt yfir landsmeðaltali og fer stigvaxandi.

Ekki kemur fram í kennsluáætlunum sem voru matsaðilum sýnilegar hvernig stuðningi og námsaðlögun er háttað. Það kom þó fram á vettvangi í daglegu starfi og í rýnihópi kennara hvernig námsaðlögun og stuðningi er háttað. Gerðar eru aðlagðar einstaklingsnámskrár fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá. Fram kom í rýnihópi kennara að með breyttum kennsluháttum væri auðveldara að koma til móts við bráðgera nemendur í samþættum verkefnum þar sem þeir geta dýpkað þekkingu sína og/eða verið sérfræðingar í ákveðnum þáttum. Þá kom það fram í rýnihópi foreldra að bráðgerir nemendur fá námstækifæri við hæfi, meðal annars með því að sækja framhaldsskólaáfanga.

2.4 Skipulag náms

Kennarar/kennarateymi vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/eða þvert á árganga. Kennarar nýta teymisvinnu og teymiskennslu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður fyrir nemendur þar sem þeir vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum. Eins og fyrr hefur komið fram þá hófst þróun á breyttum kennsluháttum og aukinni samvinnu og teymiskennslu haustið 2020. Þessi þróunarvinna er vel sýnileg á vettvangi og fram kom í rýnihópi kennara og viðtali við skólastjóra að almenn sátt er um þessa þróunarvinnu á breytingum kennsluhátta meðal allra hagsmunaaðila.

Nemendur eru í þremur samkennsluhópum; 1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. Fjöldi nemenda í námshópum á vettvangi er frá fimm nemendum til fimmtán. Í öllum námshópum eru tveir til þrír umsjónarkennarar sem bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu og nýta teymiskennslu eða teymisvinnu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður. Fram kom á vettvangi í þremur kennslustundum að samvinna, umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu.


Lögð er áhersla á list- og verkgreinar og eru þær kenndar í öllum námshópum. Fram kom í rýnihópi kennara að samvinna er á milli umsjónarkennara og list- og verkgreinakennara um margvísleg verkefni sem tengjast námi nemenda. Fram kemur í starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021 eftirfarandi samantekt á því skipulagi sem verið er að þróa og var það vel sýnilegt matsaðilum á vettvangi.

„Á yngsta stigi er námið skipulagt út frá aðferðum Byrjendalæsis og nemendum blandað upp í mismunandi hópa þvert á árganga í mismunandi stöðvaverkefnum.

Á miðstigi er lögð áhersla á útikennslu og útinám. Þar er námið ýmist skipulagt í lotur út frá þemum eða námsgreinum. Ýmist vinnur allt miðstig saman eða hópnum er skipt upp í minni hópa þvert á árgang. Á miðstigi er lögð áhersla á samræðu og ígrundun sem mikilvæga kennsluáðferð.

Á unglíngastigi er nemendum skipt niður í tvo hópa þvert á árganga. Nám á unglíngastigi er skipulagt í lotum sem vara í ákveðinn tíma. Í lotunum er leitast við að samþætta námsgreinar og gefa nemendum svigrúm til þess að axla meiri ábyrgð á eigin námi. Við lok hvers lotu skila nemendur af sér lokaverkefnum með mismunandi hætti.“

Kennslustundir eru einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Einstaklingsvinna var í meirihluta kennslustunda á vettvangi, athuga ber að nemendur geta rætt saman og aðstoðað hvern annan innan skilgreiningar á einstaklingsvinnu en vinna sjálfstætt sitt verkefni, samvinna var í um fjórða hluta kennslunnar og blanda af hvorutveggja var í um 6% kennslustunda.



Mynd 5. Kennsluathafnir

Skóladagatal 2020-2021 uppfyllir viðmið aðalnámskrár. Nemendur í námshópum fá tilskilinn kennslustundafjölda á viku samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Valáfangar hjá 8.-10. bekk eru í um 4,5 tímum á viku auk viðbótarvals sem getur verið atvinnuþátttaka, íþróttæfingar, þátttaka í björgunarsveit og tónlistarnám en auk þess er bundnir tímar í list- og verkgreinum. Skólinn leggur áherslu á samkenndu og samþættingu verkefna, því er erfitt að bera kennslustundafjölda námsgreina á stundaskrár nemenda saman við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Það er því óljóst hvort skólinn uppfylli tilskilinn kennslustundafjölda í námsgreinum.

Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun á upplýsingatækni ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Nemendur nýttu snjalltæki/tölvur í 29% kennslustunda og kennarar í 24% kennslustunda. Á vettvangi voru snjalltæki/tölvur aðallega nýtt í íslensku og samfélagsfræði í eldri námshópum. Fram kom í viðtali við skólastjóra og rýnihópi kennara að tölvubúnaður, aðstaða og aðgangur að neti væru ekki viðunandi og tefði fyrir þeim breytingum á kennsluháttum sem verið væri að þróa í skólanum.

Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara í viðtölum og einnig hafa þeir aðgang að námsframvindu sem skráð er í Námfús.

Tónlistarskólinn hefur aðstöðu í skólanum og fara nemendur úr lögboðinni kennslu í tónlistartíma, reynt er að hafa tónlistarnámið á mismunandi tímum fyrir nemendur. Fram kom í viðtali við skólastjóra að rúmlega 90% nemenda stundi tónlistarnám. Nemendur í 1. bekk eru í forskóla tónlistarskólans, einn tíma á viku.

Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi og fram kom í rýnihópi kennara og í viðtali við skólastjóra að um væri að ræða útikennslu, starfsnám fyrir nemendur, samstarf við leikskóla, tónlistarskóla, minjasafnið og óbyggðasetrið.

2.5 Námsvitund

Nemendur eru áhugasamir og virkir í námi sínu á vettvangi. Fram kom í rýnihópi kennara að unnið sé að því að kenna nemendum að setja sér markmið í námi sínu. Eins og fram hefur komið þá könnuðust nemendur í rýnihópi við hugtökin markmið og hæfniviðmið en þar kom fram að það væru fyrst og fremst kennarar sem ræddu við þau um þessi hugtök. Markmið og hæfniviðmið eru skráð í flestar

kennsluáætlanir og verkefnalýsingar. Á vettvangi var sýnilegt að unnið er með markmið og hæfniviðmið með nemendum á yngsta stigi, meðal annars í stærðfræði og sögugerð.

Á vettvangi var einnig sýnilegt að unnið er með áhugasvið, sköpun og margvíslega hæfileika nemenda og kom það fram í verkefnum þeirra.

Fram kom í rýnihópi kennara að markvisst er verið að þróa hugtök og námsvitund með nemendum, aðallega á unglingsstigi. Í skólanámskrá kemur fram að meginmarkmið með breyttum kennsluháttum sé að gera nemendur sjálfstæða og ábyrga í námi sínu. Umfjöllun um hvernig unnið er því að efla námsvitund nemenda kemur ekki fram né hvort nemendur eigi kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námstíl.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og vinsemd. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.

Fram kom í rýnihópi kennara og í viðtali við skólastjóra að Skólapúlsinn er nýttur til að kanna líðan og viðhorf nemenda til skólastarfsins. Kennarar fylgjast einnig með líðan og framvindu náms með einstaklingsviðtölum við nemendur, fram kom í rýnihópi kennara að þeir bregðast fljótt og vel við ef þörf krefur.

Í starfsáætlun kemur fram hvaða nemendur eru í nemendafélagi og í skólaráði. Aðrar upplýsingar um nemendafélagið, skipan í stjórn félagsins, starfsáætlun eða fundargerðir er ekki að finna á heimasíðu skólans eða í starfsáætlun. Fram kom í rýnihópum kennara og nemenda að fulltrúar nemenda upplýsa aðra nemendur með því að koma í stofur og segja frá ákvörðunum. Nemendafélagið hefur komið að því að sjá um viðburðadagatal hvað varðar félagslega viðburði.

Fram kom í viðtali við skólastjóra og í rýnihópum að nemendur fá ekki sérstaka þjálfun til að starfa í nemendafélagi eða skólaráði. Þá kemur ekki fram skráð verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er afað og hvernig þeir geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd náms- og skólastarfs. Fram kom í viðtali við skólastjóra að áhugi er fyrir því að efla lýðræðislega þátttöku nemenda.

Styrkleikar

- Einkunnarorð og gildi skólans eru skýr, samofin daglegu skólastarfi og aðilum í skólasamfélaginu tøm.
- Þróunarvinna og breytingar á kennsluháttum eru sýnilegar á vettvangi og hafa mótað ákveðinn grunn að áframhaldandi þróun skólastarfsins.
- Stuðningur og námsaðlögun eru fjölbreytt og taka til allra þátta í skólastarfinu.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar og taka mið af þörfum viðkomandi nemenda.
- Fylgst er með árangri og þörfum nemenda og nemendahópa til að efla framfarir nemenda.
- Samskipti í skólanum eru góð og nemendum líður vel samkvæmt niðurstöðum kannana og í rýnihópi nemenda.
- Foreldrar eru ánægðir með nám, kennslu, líðan nemenda og samskipti í skólanum.
- Kennarar sýna fagmennsku og kennslufræðilega hæfni við nám og kennslu.
- Fjölbreyttir kennsluhættir, samþætting námsgreina og viðfangsefni eru sýnileg á vettvangi.
- Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins sýna að tíðni leiðsagnarmats er marktækt yfir landsmeðaltali og fer stigvaxandi.

- Kennarar vinna saman og nýta teymiskennslu/teymisvinnu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- Nemendur vinna að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Náms- og námsaðstæður styðja við sköpunarþörf nemenda.
- Nemendur eru áhugasamir og virkir í námi sínu.
- Unnið er með fjölbreyttar náms- og matsaðferðir.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Tækifæri til umbóta

- Móta, skrá og birta á heimasíðu námskrár námshópa og námsgreina þar sem fram koma markmið, lykilhæfni, leiðir, viðfangsefni, hæfniviðmið, námsmat og námsaðlögun.
- Samræma þá þætti sem fram eiga að koma í náms- og kennsluáætlunum námshópa og námsgreina út frá hópanámskrám skólans.
- Móta, skrá og birta á heimasíðu stefnu um sérkennslu, stuðning og námsaðlögun þar sem fram koma markmið, leiðir og framkvæmd.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum sem tengjast námsgreinum og námshópum í skólanámskrá, námskrám og kennsluáætlunum.
- Rýna niðurstöður samræmdra prófa og Lesferils og leggja fram stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda.
- Vinna að því að efla áhuga nemenda á stærðfræði.
- Vinna markvisst með lykilhæfni, hæfniviðmið og markmið í námi og kennslu jafnframt því að þjálfa nemendur í að meta eigin framfarir í námi.
- Huga þarf að tölvubúnaði, aðstöðu og aðgangi að neti til að upplýsingatæknin verði eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis.
- Gefa nemendum í stigvaxandi mæli tækifæri til að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námstíl.
- Vinna markvisst að því að efla námsvitund nemenda.
- Þjálfa nemendur til að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans.
- Skrá og birta formlegt verklag um hvernig fulltrúar nemenda koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Í Fellaskóla er innra mat og umbætur hluti af skólastarfinu en það er ekki markmiðabundið og samofið daglegu skólastarfi. Í viðtali við skólastjóra kemur fram að innra matið sé sá þáttur sem vinna þurfi markvisst að til umbóta í skólastarfinu. Fram kom í rýnihópi foreldara að sumir þeirra þekktu ekki til innra mats í skólanum og telja að ör skólastjóraskipti í skólanum hafi orðið til þess að innra mat hafi ekki náð að festa sig í sessi.

Í skólanámskrá er ekki fjallað um þær leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Stefna skólans er því ekki metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.

Mat á námi, framförum nemenda og árangri fer reglulega fram með óformlegum hætti en ekki eru til skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana.

Mat á kennslu, fagmennsku kennara og nýjungum í kennsluháttum fer ekki fram reglulega af hálfu skólastjóra. Samkvæmt viðtali við skólastjóra lítur hann inn í kennslustundir og fylgist með framvindu kennslu og þróunarverkefna, en ekki með formlegt mat og endurgjöf í huga. Í rýnihópi kennara kom fram að jafningjamat í kennslu fer ekki fram innan skólans.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er fyrst og fremst á ábyrgð skólastjóra. Ekki hefur verið skipað innramatsteymi í skólanum þetta skólaár með fulltrúum stjórnenda, kennara, foreldra, starfsfólks og nemenda. Þar með hafa hagsmunaaðilar ekki áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Fundargerðir skólaráðs er ekki að finna á heimasíðu skólans en í fundaáætlun skólaráðs 2020-2021 má sjá að umfjöllun um innra mat Fellaskóla á að fara fram á vofundi.

Í starfsáætlun má sjá að gerð hefur verið langtímaáætlun um innra mat sem er fyrir tímabilið 2015-2021. Viðfangsefni innra mats skólaárið 2020-2021 eru því sýnileg. Ekki hafa verið settar fram dagsetningar á mati viðfangsefna, leiðir eða mælingar ásamt viðmiðum og ekki hafa verið endurskoðaðar aðferðir og reynsla af innra mati við skólann. Innra matið byggir ekki á fjölbreyttum gagnaöflunarleiðum.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli með könnunum Skólapúlsins. Skólapúlsinn hefur verið notaður sem mælitæki frá árinu 2008. Niðurstöður úr þeim könnunum hafa ekki verið birtar á vef skólans. Að sögn kennara í rýnihópi hafa kennarar fengið kynningu á niðurstöðum og foreldrar í rýnihópi segja að niðurstöður séu kynntar fyrir þeim en fulltrúar nemenda í rýnihópi segjast ekki vera upplýstir um niðurstöður.

3.3 Umbætur

Nýlegar greinagerðir þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um innra mat skólans ásamt helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans og hafa ekki verið frá skólaárinu 2017-2018.

Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja ekki á virku innra mati eða öðrum gögnum um árangur skólastarfsins og ekki hefur verið gerð grein fyrir hvernig eða hvort markmið í stefnu skólans og kennsluhættir eru metnir.

Í úttekt á Fellaskóla í maí árið 2011 kom meðal annars fram að þá hefði skólinn ekki uppfyllt kröfur mennta- og menningarmálaráðuneytisins um innra mat á skólastarfi. Úttektaraðilar bentu meðal annars á að vinna þyrfti sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun á grundvelli niðurstaðna úr innra mati, auk viðmiða um árangur.

Við úttekt Menntamálastofnunar í maí 2021 eru að hluta til sömu þættir sem skólinn hefur ekki uppfyllt og voru árið 2011.

Fulltrúar í rýnihópum voru sammála um að brugðist sé við niðurstöðum kannana sem gefa til kynna að umbóta sé þörf í skólastarfinu þó þær snúi ekki beint að innra mati og markmiðum þess.

Styrkleikar

- Innra mat og umbætur eru álitin mikilvæg.
- Mat og ígrundum á námi og árangri nemenda fer fram reglulega á óformlegan hátt.
- Við öflun gagna nýtir skólinn niðurstöður kannana í Skólapúlsi, samræmdra prófa og leskimana Menntamálastofnunnar.

Tækfæri til umbóta.

- Meta markvisst stefnu skólans og starfshætti með skilgreindum viðmiðum um árangur.
- Vinna að formlegri innramatsskýrslu og birta á heimasíðu.
- Vinna langtímaáætlun um innra mat.
- Byggja upp fjölbreyttar gagnaöflunaraðferðir og matstæki.
- Nýta og skrá markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annars starfsfólks, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram koma markmið, verkefni, tímasetningar, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinagerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.